

Ályktun í kjaramálum

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands mótmælir stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og boðuðum aðgerðum í skattamálum og telur hana setja þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda í uppnám. Stefna sem gengur einhliða út á að skerða lífskjör launafólks á almennum vinnumarkaði er með öllu óásættanleg. Hún getur ekki verið sá grundvöllur sátta og stöðugleika sem verkalýðshreyfingin vill eiga aðild að.

Starfsgreinasambandið hefur áhyggjur af vaxandi greiðslubyrði almennings vegna verðtryggingar lána og óttast að verðbólgu- og okurvaxtastefna muni kippa stoðunum undan efnahag fjölda heimila og leggja fjárhag tekjuminni fjölskyldna í rust. Því lýsir sambandið miklum vonbrigðum með efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem boðuð er með frumvarpi til fjárlaga. Áframhaldandi aðhaldsleysi í vexti ríkissjóðs og algjört úrræðaleysi í baráttunni við lækkun vaxta og verðbólgu leiðir til þess að okurvaxtastefna Seðlabankans mun áfram þrengja að kaupmætti og atvinnumöguleikum almenns launafólks. Fundurinn krefst því umtalsverðrar lækkunar á vöxtum til þess að almenningur geti á eðlilegan hátt staðið skil á greiðslubyrði íbúðalána.

Starfsgreinasambandið mótmælir harðlega boðuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Með þessum aðgerðum er verið að stórlækka skatta á hátekju- og stóreignafólki í stað þess að lækka skatta á látekjufólki með hækkun almennra skattleysismarka. Hækkun tryggingargjaldsins eykur launakostnað fyrirtækja, án þess að launafólk fái kjarabætur. Með þessu er ríkisstjórnin ekki aðeins að þrengja mjög að möguleikum verkalýðshreyfingarinnar til að ná til baka þeirri kjaraskerðingu sem orðið hefur undanfarna mánuði við endurskoðun kjarasamninga í febrúar, heldur auka ennfrekar á kjaraskerðinguna. Verkalýðshreyfingin mun ekki sætta sig við að stjórnvöld færi skattbyrði af eignum og fjármagni yfir á laun og atvinnu. Boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar ganga þannig þvert á kröfur verkalýðshreyfingarinnar um aðgerðir til umtalsverðrar lækkunar vaxta og verðbólgu og kjarajöfnunar í þjóðfélaginu.

Ársfundur Starfsgreinasambandsins telur afar mikilvægt að náði og víðtækt samráð verði haft innan Alþýðusambands Íslands við undirbúning og endurskoðun kjarasamninganna í febrúar n.k. Haldi ríkisstjórnin og Seðlabankinn fast við stefnu sína og aðgerðaleysi í lækkun vaxta og verðbólgu er einsýnt að verkalýðshreyfingin er knúinn til þess að segja launalið samningana lausum og beita samtakamætti sínum til þess að sækja kjarabætur fyrir félagsmenn sína.

Samþykkt á ársfundi SGS 2001